

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

*Desjamýri 11-13 – 411-A.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarreitir á athafnalóðunum Desjamýri 11 og 13 færast vestur um 9 metra. Annað í skipulagi er óbreytt.

*Urðarsel, L125359, úr landi Miðdals – 531-F.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að frístundalóðinni L125359 er skipt upp í tvær lóðir önnur um 2,4 ha en hin 1 ha. Sömu byggingarskilmálar gilda um báðar lóðir í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar. Annað í skipulagi er óbreytt.

*Réttarhvoll 11-15 á Akralandi – 525-F.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðamörk milli Réttarhovls 11 og 13 breytast og lóð 13 er skipt upp í tvær einbýlishúsalóðir. Þrjú bílastæði skulu vera innan allra lóða. Nýtingarhlutfall lóða 13a og 13b er 0,25. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 6. október 2021,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2021